

Jarðhitaborun á Blesastöðum á Skeiðum

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85-07

JARÐHITABORUN Á BLESASTÖÐUM Á SKEIÐUM

Sumarið 1980 var gömul borhola á Blesastöðum dýpkuð um 90 m (úr 270 m í 360 m dýpi) og fékkst þá vatn í hana. Holan var síðan virkjuð fyrir bæina Blesastaði og Skeiðháholt og er dælt úr henni um 2 l/s af 74°C heitu vatni. Holan hefur verið prófuð með loftdælingu og gaf þá yfir 10 l/s. Hins vegar er hún fóðruð með 5" röri í 40 m. Vegna þess hvað holan er grönn, er ekki hægt að auka vatnstöku úr henni með djúpdælu. Fyrirhugað er að stækka hitaveituna með lögn í Ólafsvallahverfið og fleiri bæi (sbr. greinargerð MJG-84/01). Forsenda þeirrar stækkunar er ný og sverari hola, sem hægt væri að setja djúpdælu niður í. Sú hola hefur verið staðsett rétt hjá þeirri gömlu enda ætlað að koma í stað hennar. Reiknað er með að hitta á vatn 75-80°C í svipuðu dýpi og í gömlu holunni, þannig að 400 m djúp hola myndi líklega gefa fullnægjandi árangur. Um kostnað vísast til kostnaðaráætlunar Jarðborana ríkisins.